Upphæðina sem greidd er út tókum við úr heildarinnegninni á þeim tímapunkti sem greiðslan fer fram á. Við það lækkar áunninn iðgjaldaháður og fjármagnsmarkaðsháður lágmarkslífeyrir – hafi um hann verið samið – í sama hlutfalli og heildarinnegnin minnkar við hlutaútborgunina. Umsamið ábyrgðarstig helst óbreytt.

Den Entnahmebetrag entnehmen wir dem zum Auszahlungstermin vorhandenen Deckungskapital. Dadurch werden eine erreichte beitragsabhängige und eine kapitalmarktabhängige Mindestleistung – sofern vereinbart – im gleichen Verhältnis herabgesetzt, wie sich das

Deckungskapital durch die Teilkapitalentnahme verringert. Das vereinbarte Garantieniveau bleibt unverändert.

Ef umsamin iðgjaldagreiðslutími er ekki útrunninn þegar hlutaútborgunin fer fram, þarft þú að greiða óbreytta iðgjaldaupphæð eftir úttektina.

Wenn die vereinbarte Beitragszahlungsdauer zum Zeitpunkt der Teilkapitalentnahme noch nicht abgelaufen ist, müssen Sie nach der Entnahme die Beiträge in unveränderter Höhe zahlen.

Þú getur því aðeins farið fram á úttekt á hluta heildarinnegarinnar að bæði úttektarupphæðin og eftirstöðvar heildarinnegarinnar nái hvort um sig þeirri lágmarksupphæð sem kveðið er á um í „Skilmálum um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir skv. 26. grein“.

Eine Teilkapitalentnahme können Sie nur verlangen, wenn sowohl der Entnahmebetrag als auch der verbleibende Wert des Deckungskapitals jeweils den Mindestbetrag nach unseren "Bestimmungen über Kosten und tarifabhängige Begrenzungen nach § 27“ erreichen.

Eftir hlutaútborgun inneignarinnar bætum við upplýsingum um upphæð skertu lífeyrisgreiðslanna við tryggingarskírteinið.

Nach einer Teilkapitalentnahme informieren wir Sie über die Höhe der herabgesetzten Leistung in einem Nachtrag zum Versicherungsschein.

Valmöguleikar við upphaf lífeyrisgreiðslna Wahlrechte zum Beginn der Rentenzahlung

Aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri bætt við vátrygginguna Einschluss einer Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung

(11) Þú getur farið fram á að við upphaf lífeyristöku (gjaldaga fyrstu lífeyrisgreiðslu) verði

(11) Sie können verlangen, dass zum Beginn der Rentenzahlung (Einschlussstermin)

- bætt við aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri fyrir tiltekinn meðvátryggðan einstakling – það er þann einstakling sem fær greiddan eftirlífendalífeyri við andlát hins tryggða – sem nefna þarf, svo fremi sem ekki hafi verið samið um dánargreiðslu eftir upphaf lífeyristöku,
- eine Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung für eine namentlich zu benennende mitversicherte Person – das ist die Person, an die nach dem Tod der versicherten Person die Hinterbliebenenrente gezahlt werden soll – eingeschlossen wird, sofern keine Todesfalleistung nach Rentenbeginn vereinbart war,
- umsamin útborgun eftirstöðva heildarinnegarinnar felld úr gildi og þess í stað komi aukatrygging fyrir eftirlífendalífeyri inn í trygginguna,
- eine vereinbarte Restkapitalauszahlung ausgeschlossen und stattdessen eine Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung eingeschlossen wird,
- umsamin fastur lífeyrisgreiðslutími felldur úr gildi og þess í stað komi aukatrygging fyrir eftirlífendalífeyri inn í trygginguna.
- eine vereinbarte Rentengarantiezeit ausgeschlossen und stattdessen eine Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung eingeschlossen wird.

Forsenda fyrir slíku breytingum er að umsókn þar að lútandi hafi borist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna.

Voraussetzung ist, dass uns der Antrag hierzu spätestens zwei Monate vor dem Beginn der Rentenzahlung vorliegt.

Ef þú hefur farið fram á að aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri verði bætt við vátrygginguna og ef meðvátryggði einstaklingurinn andast fyrir gjalddaga fyrstu lífeyrisgreiðslu gildir að rétturinn á því að bæta við aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri telst ekki hafa verið nýttur.

Haben Sie den Einschluss einer Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung verlangt und stirbt die mitversicherte Person vor dem Einschlussstermin, gilt das Recht auf Einschluss der Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung als nicht ausgeübt.

Ef þú hefur farið fram á að aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri verði bætt við vátrygginguna geturðu ekki lengur tekið út lífeyri fyrir þann gjalddaga fyrstu lífeyrisgreiðslunnar sem þú valdir. Þetta gildir þó ekki ef þú afturkallar ákvörðun þína um að bæta við aukatryggingunni.

Haben Sie den Einschluss einer Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung verlangt, können Sie die Rentenzahlung vor dem gewählten Einschlussstermin nicht mehr abrufen. Dies gilt nicht, wenn Sie Ihre Entscheidung für den Einschluss widerrufen.

Þótt þú þætir við aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri þarftu ekki að greiða sérstakt iðgjald fyrir aukatrygginguna. Hins vegar reiknum við gildandi reiknistuðul út að nýju miðað við þann tímapunkt sem breytingin tekur gildi á, með óbreyttum reikniforsendum en með tilliti til útreiknaðs aldurs hinna tryggðu á þessum tímapunkti. Við þetta lækkar lífeyririnn sem kemur til greiðslu skv. 1. mgr. 2. greinar. Hins vegar má eftirlífendalífeyririnn ekki vera hærrí en eftirstandandi ellilífeyrir. Auk þess verður lífeyrir beggja tryggðra einstaklinga að ná þeirri lágmarksupphæð sem tilgreind er í „Ákvæðum um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir skv. 26. grein“. Að öðrum kosti er ekki hægt að fella aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri inn í váttrygginguna.

Wenn Sie eine Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung einschließen, müssen Sie für diese keinen gesonderten Beitrag zahlen. Stattdessen bestimmen wir den für den Einschlussstermin geltenden Rentenfaktor auf Basis unveränderter Rechnungsgrundlagen unter Berücksichtigung des zum Einschlussstermin erreichten rechnungsmäßigen Alters der versicherten Personen neu. Hierdurch vermindert sich die nach § 2 Absatz 1 zu zahlende Rente. Dabei darf die Hinterbliebenenrente die verbleibende Altersrente nicht übersteigen. Außerdem müssen beide Renten den Mindestbetrag, der in unseren Bestimmungen über Kosten und tarifabhängige Begrenzungen nach § 27 festgelegt ist, erreichen. Andernfalls ist der Einschluss einer Hinterbliebenenrenten-Zusatz-Versicherung nicht möglich.

Ef þú hefur fellt úr gildi umsáminn fastan lífeyrisgreiðslutíma og þess í stað samið um að eftirstöðvar heildarinneignarinnar verði greiddar eftir byrjun lífeyristöku er ekki hægt að fella aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri inn í váttrygginguna.

Haben Sie eine vereinbarte Rentengarantiezeit ausgeschlossen und stattdessen vereinbart, dass bei Tod der versicherten Person nach Beginn der Rentenzahlung das Restkapital ausgezahlt wird, ist der Einschluss einer Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung nicht möglich.

(12) Fyrir innifalda aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri gilda sérstakir skilmálar fyrir aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri.

(12) Für die eingeschlossene Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung gelten die Besonderen Bedingungen für die Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung.

Aukatrygging fyrir eftirlífendalífeyri felld niður úr tryggingunni Ausschluss einer Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung

(13) Ef þú hefur fellt aukatryggingu fyrir eftirlífendalífeyri inn í tryggingarsamninginn geturðu við upphaf ellilífeyristöku farið fram á að aukatryggingin fyrir eftirlífendalífeyri verði felld niður aftur.

(13) Wenn Sie in Ihren Vertrag eine Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung eingeschlossen haben, können Sie zum Beginn der Altersrentenzahlung verlangen, dass diese wieder ausgeschlossen wird.

Forsenda fyrir því er að umsóknin um niðurfellingu aukatryggingar fyrir eftirlífendalífeyri hafi borist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna.

Voraussetzung ist, dass uns der Antrag auf Ausschluss der Hinterbliebenenrenten-Zusatzversicherung spätestens zwei Monate vor dem Beginn der Rentenzahlung vorliegt.

Aðlögun tryggingargreiðslna við andlát Anpassung der Leistung für den Todesfall

(14) Við upphaf lífeyristöku getur þú farið fram á að

(14) *Zum Beginn der Rentenzahlung können Sie verlangen, dass*

- fastur lífeyrisgreiðslutími komi inn í trygginguna eða að umsáminn fastur lífeyrisgreiðslutími verði felldur úr gildi eða samið verði um lengingu hans eða styttingu í samræmi við tryggingarskilmála,
- *eine Rentengarantiezeit eingeschlossen oder die vereinbarte Rentengarantiezeit ausgeschlossen oder im Rahmen der tariflichen Bestimmungen verlängert oder verkürzt wird,*

- umsáminn fastur lífeyrisgreiðslutíma verði felldur úr gildi og þess í stað samið um að eftirstöðvar heildarinneignarinnar verði greiddar út eftir byrjun lífeyristöku,
- *die vereinbarte Rentengarantiezeit ausgeschlossen und stattdessen vereinbart wird, dass bei Tod der versicherten Person nach Beginn der Rentenzahlung das Restkapital ausgezahlt wird,*
- umsáminn útborgun eftirstöðva heildarinneignar verði felld úr gildi,
- *die vereinbarte Restkapitalauszahlung ausgeschlossen wird,*
- umsáminn útborgun eftirstöðva heildarinneignar verði felld úr gildi og þess í stað komi fastur lífeyrisgreiðslutími inn í trygginguna,
- *die vereinbarte Restkapitalauszahlung ausgeschlossen und stattdessen eine Rentengarantiezeit eingeschlossen wird,*
- samið verði um útborgun eftirstöðva heildarinneignar ef ekki var samið um dánargreiðslur eftir upphaf lífeyristöku.
- *eine Restkapitalauszahlung vereinbart wird, sofern keine Todesfallleistung nach Beginn der Rentenzahlung vereinbart war.*

Forsenda fyrir slíkum breytingum er að umsókn um viðkomandi breytingu hafi borist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna.

Voraussetzung ist, dass uns der Antrag auf die jeweilige Änderung spätestens zwei Monate vor dem Beginn der Rentenzahlung vorliegt.

Reiknustuðlana skv. 12. til 15. mgr. 2. greinar reiknum við út á nýjan leik með viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar. Gildandi reiknustuðlar skv. 14. og 15. mgr. 2. greinar reiknum við út með þeim reikniforsendum sem síðast hafa verið leiðréttar.

Die Rentenfaktoren nach § 2 Absätze 12 bis 15 berechnen wir nach anerkannten Regeln der Versicherungsmathematik neu. Die aktuellen Rentenfaktoren nach § 2 Absätze 14 und 15 berechnen wir mit den zuletzt berichtigten Rechnungsgrundlagen.

Útborgun á hluta inneignar / Teilkapitalauszahlung

(15) Þú getur við upphaf lífeyrisgreiðslna farið fram á útborgun ákveðins hluta heildarinneignar þinnar (hlutagreiðslu), ef hinn tryggði er þá á lífi.

(15) Sie können zum Beginn der Rentenzahlung eine teilweise Kapitalabfindung (Teilkapitalauszahlung) verlangen, wenn die versicherte Person diesen Termin erlebt.

Forsenda þess er að umsókn um hlutagreiðsluna hafi borist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna.

Voraussetzung ist, dass uns der Antrag auf Teilkapitalauszahlung spätestens zwei Monate vor dem Beginn der Rentenzahlung vorliegt.

Upphæð hlutagreiðslunnar fer eftir verðmæti heildarinneignar þinnar (sjá 3. mgr. 1. greinar). Útreikningur á verðmæti hlutanna miðast við næsta kauphallardag á undan 15. degi næsta mánaðar á undan hlutaútborgun inneignarinnar. Fjöldi hlutanna miðast við þann tímapunkt sem hlutaútborgunin fer fram á.

Die Teilkapitalauszahlung erbringen wir auf Basis des Wertes des Deckungskapitals (siehe § 1 Absatz 3). Maßgeblich für die Wertermittlung der Anteile ist der Börsentag, der dem 15. des Monats vor Teilkapitalauszahlung vorausgeht. Maßgebend für die Feststellung der Anzahl der Anteile ist der Termin der Teilkapitalauszahlung.

Hlutaútborgunina tókum við úr heildarinneigninni. Við það lækkar upphæð tryggðra lífeyrisins skv. 1. ml. 1. mgr. 2. greinar í samræmi við viðurkenndar aðferðir tryggingastærðfræðinnar.

Die Teilkapitalauszahlung entnehmen wir dem Deckungskapital. Dadurch verringert sich eine garantierte Rente nach § 2 Absatz 1 Satz 1 nach anerkannten Regeln der Versicherungsmathematik.

Þú átt því aðeins kost á útborgun hlutagreiðslu að bæði upphæð hlutagreiðslunnar og hinn lækkaði tryggði lífeyrir nái hvort um sig þeirri lágmarksupphæð sem kveðið er á um í „Skilmálum um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir skv. 26. grein“.

Við sendum þér upplýsingar um upphæð lækkaða lífeyrisins.

Eine Teilkapitalzahlung können Sie nur verlangen, wenn sowohl der Betrag der Teilkapitalauszahlung als auch die herabgesetzte Rente jeweils den Mindestbetrag nach unseren „Bestimmungen über Kosten und tarifabhängigen Begrenzungen nach § 27“ erreichen.

Über die Höhe einer herabgesetzten Rente informieren wir Sie.

Samningur um fjármagnsmarkaðsmiðaðan lífeyrisgreiðslutíma Vereinbarung einer kapitalmarktorientierten Rentenphase

(16) Þú getur fram til upphafs lífeyristöku farið fram á að vátryggingin haldist fjármagnsmarkaðsmiðuð einnig á lífeyrisgreiðslutímanum, svo fremi sem við bjóðum upp á þennan möguleika við upphaf lífeyrisgreiðslna.

(16) Sie können zum Beginn der Rentenzahlung verlangen, dass der Vertrag auch während der Rentenphase kapitalmarktorientiert fortgeführt wird, sofern wir diese bei Beginn der Rentenzahlung anbieten.

Forsenda fyrir slíkum breytingum er að umsókn þar að lútandi hafi borist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna.

Voraussetzung ist, dass uns der Antrag hierzu spätestens zwei Monate vor dem Beginn der Rentenzahlung vorliegt.

Þá reiknum við lífeyrinn út á nýjan leik með viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar.

Die Rente berechnen wir dann nach anerkannten Regeln der Versicherungsmathematik neu.

Valkostir á sveigjanlega lífeyristökutímanum og framlengingartímanum

Wahlrechte während der Abruf- und Verlängerungsphase

Trygging á verðstöðu með hámarkstrygðum ábyrgðarsjóði

Wertstandsicherung durch einen Garantiefonds mit Höchststandsicherung

(17) Á sveigjanlega lífeyristöku- og framlengingartímanum geturðu fyrsta hvers mánaðar farið fram á hámarkstryggingu með mánaðarlega hámarkstrygðum ábyrgðarsjóði, svo fremi sem við bjóðum upp á ábyrgðarsjóðinn á þeim tíma.

(17) Sie können während der Abruf- und der Verlängerungsphase zu jedem Ersten eines Monats verlangen, dass eine Höchststandsicherung durch einen Garantiefonds mit monatlicher Höchststandsicherung erfolgt, sofern wir den Garantiefonds zu diesem Zeitpunkt anbieten.

Til að hámarkstryggja eignarhlutasjóð þinn eru allir hlutirnir sem fyrir hendi eru á þessum tímamarki (í fjárfestingarsjóðum, ROK Chance eða ROK Klassik, í ROK Plus og í heildararðsinneigninni) færðir yfir í ábyrgðarsjóðinn. Ef fleiri fjárfestingar fyrir utan tryggingarsjóðinn fylgja síðar á tryggingartímanum (t.d. í tengslum við verðtryggingarkerfið eða úthlutun á reglulegri arðshlutdeild), eru þær einnig festar í hlutum ábyrgðarsjóðsins.

Zur Höchststandsicherung Ihres Anteildeckungskapitals werden alle zu diesem Zeitpunkt vorhandenen Anteile (an Investmentfonds, an der ROK Chance bzw. an der ROK Klassik, an der ROK Plus und am Überschussdeckungskapital) in den Garantiefonds umgeschichtet. Sofern im weiteren Vertragsverlauf weitere Anlagen außerhalb des Sicherungskapitals erfolgen (z.B. als Folge des Wertsicherungskonzeptes oder bei Zuteilung laufender Überschussanteile), werden auch diese in Anteilen des Garantiefonds angelegt.

Það er viðkomandi fjárfestingarfélag sem veitir hámarksábyrgðina en ekki við. Okkar ábyrgð takmarkast við áunninn iðgjaldaháðan lágmarkslífeyri skv. 7. mgr. 2. greinar, ef um hann er að ræða, ásamt áunnum fjármagnsmarkaðsháðum lágmarkslífeyri skv. 9. og 10. mgr. 2. greinar, ef um hann er að ræða.

Die Höchststandsgarantie gewährleistet die Fondsgesellschaft und nicht wir. Unsere Garantie beschränkt sich auf eine gegebenenfalls erreichte beitragsabhängige Mindestleistung nach § 2 Absatz 7 sowie eine gegebenenfalls erreichte kapitalmarktabhängige Mindestleistung nach § 2 Absätze 9 und 10.

Vegna frádráttar áfallandi kostnaðar getur komið fyrir, einkum ef fjárhæðir samningsins eru mjög lágar, að virði heildarinneignarhlutans lækki jafnvel þótt samið hafi verið um hámarkstryggingu.

Durch Kostentnahmen kann in Einzelfällen, insbesondere bei klein volumigen Verträgen, der Wert des im Garantiefonds angelegten Teildeckungskapitals trotz Vereinbarung einer Höchststandsicherung sinken.

Valmöguleikar eftir upphaf lífeyrisgreiðslna Wahlrechte nach Beginn der Rentenzahlung

Úttekt inneignar að hluta / Teilkapitalentnahme

(18) Ef þú hefur samið um fastan lífeyrisgreiðslutíma í tryggingarsamningnum geturðu frá upphafi þriðja lífeyrisgreiðsluárs og allt til upphafs síðasta lífeyrisgreiðsluárs fasta lífeyrisgreiðslutímans farið fram á að fá hluta heildarinneignar þinnar útborgaðan. Úttekt inneignar að hluta er aðeins möguleg einu sinni og aðeins við upphaf lífeyristökuárs.

(18) Wenn Sie bei Ihrem Vertrag eine Rentengarantiezeit vereinbart haben, können Sie ab Beginn des dritten Rentenbezugsjahres bis zum Beginn des letzten Rentenbezugsjahres der Rentengarantiezeit verlangen, dass wir einen Teil des Deckungskapitals zahlen. Die Teilkapitalentnahme ist nur einmalig und nur zu Beginn eines Rentenbezugsjahres möglich.

Sama gildir ef þú hefur í tryggingarsamningnum samið um útborgun eftirstöðva heildarinneignarinnar við andlát tryggða eftir byrjun lífeyristöku. Hlutaúttekt innistæðunnar er þá í lengsta lagi möguleg fram að byrjun þess lífeyristökuárs, sem síðasta hlutagreiðsla inneignarinnar fer fram á við andlát hins tryggða.

Gleiches gilt, wenn Sie bei Ihrem Vertrag eine Restkapitalauszahlung im Falle des Todes des versicherten Person nach Beginn der Rentenzahlung vereinbart haben. Eine Teilkapitalentnahme ist hier längstens bis zu dem Beginn des Rentenbezugsjahres möglich, in dem bei Tod der versicherten Person letztmalig eine Restkapitalauszahlung erfolgt.

Forsenda fyrir því er að umsókn um úttekt inneignar að hluta hafi borist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir þann útborgunardag sem óskað er eftir.

Voraussetzung ist, dass uns der Antrag auf die Teilkapitalentnahme spätestens zwei Monate vor dem gewünschten Auszahlungstermin vorliegt.

Að lokinni útborgun hlutagreiðslu reiknum við lífeyrinn út að nýju með viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar miðað við þá heildarinneign sem eftir stendur á þeim tímamarki sem úttektin fór fram á. Fyrstu endurútreiknuðu lífeyrisgreiðsluna greiðum við út á sama tíma og hlutaúttektina.

Nach einer Teilkapitalentnahme berechnen wir die Rente nach anerkannten Regeln der Versicherungsmathematik aus dem Ihrem Vertrag noch verbleibenden Kapital zum Teilkapitalentnahmezeitpunkt neu. Die erste neu berechnete Rente zahlen wir zum Zeitpunkt der Teilkapitalentnahme aus.

Ef lífeyririnn nær ekki þeirri lágmarksupphæð sem tilgreind er í „ákvæðum um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir skv. 26. grein“, greiðum við í heildarinneignina að frádregnum 2 prósentum, og þar með endar samningurinn.

Erreicht die Rente nicht den Mindestbetrag nach unseren „Bestimmungen über Kosten und tarifabhängige Begrenzungen nach § 27“, zahlen wir das volle Deckungskapital abzüglich des Abzugs von 2 Prozent, und der Vertrag endet.

Eftir hlutaúttekt inneignarinnar fellur hin upprunalega tryggða dánargreiðsla niður.

Nach einer Teilkapitalentnahme entfällt die ursprünglich versicherte Todesfallleistung.

Þú getur aðeins farið fram á úttekt á hluta heildarinneignarinnar innan þeirra marka sem skilgreind eru í „ákvæðum um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir skv. 26. grein“. Hámarksupphæðin sem er laus til útborgunar samsvarar hinni umsömdu dánargreiðslu – sem þó takmarkast við tryggðu lágmarksinneignina; ef um er að ræða samning með föstum lífeyrisgreiðslutíma samsvarar þessi hámarksupphæð verðmæti útistandandi fastra lífeyrisgreiðslna, núvirtu með umsömdum tryggðum lágmarksvöxtum. Af upphæðinni sem greidd er út eru 2 prósent dregin frá fyrir kostnaði.

Sie können eine Teilkapitalentnahme nur innerhalb der in unseren „Bestimmungen über Kosten und tarifabhängige Begrenzungen nach § 27“ genannten Grenzen verlangen. Der Höchstentnahmebetrag entspricht der – auf das Deckungskapital beschränkten – vereinbarten Todesfallleistung; bei einem Vertrag mit Rentengarantiezeit ist das der mit dem vereinbarten Rechnungszins diskontierte Wert der noch ausstehenden Renten aus der Rentengarantiezeit. Von dem Entnahmebetrag wird ein Abzug in Höhe von 2 Prozent vorgenommen.

5. gr. venær getur þú lagað samninginn að þínum persónulegu þörfum?

§ 5 Wann können Sie Ihren Vertrag an Ihren persönlichen Bedarf anpassen?

Hækkun tryggingarverndarinnar (einstaklingsmiðuð aðlögun) – gildir ekki fyrir ellilífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis

Erhöhung des Versicherungsschutzes (persönliches Anpassungsrecht) – gilt nicht für die betriebliche Altersversorgung

(1) Ef ekki er um að ræða samning um ellilífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis getur þú hækkað tryggingarverndina án nýrra athugana á heilbrigði (læknisskoðunar) og öðrum áhættuþáttum. Slik hækkun er möguleg við eftirtaldir breytingar á aðstæðum hins tryggða – þ.e. þess einstaklings sem er líftryggður með viðkomandi tryggingu.

(1) Sie können den Versicherungsschutz zu Ihrem Vertrag, der nicht im Rahmen einer betrieblichen Altersversorgung abgeschlossen wurde, ohne erneute Prüfung der Gesundheits- und sonstigen Risikoverhältnisse (Gesundheitsprüfung) erhöhen. Die Erhöhung ist nach Eintritt folgender Lebensereignisse bei der versicherten Person – das ist die Person, auf deren Leben die Versicherung abgeschlossen ist – möglich:

- Stofnun hjónabands eða skrásettrar sambúðar, Heirat bzw. Begründung einer eingetragenen Lebenspartnerschaft,
- Hjónaskilnaður eða slit skrásettrar sambúðar, Ehescheidung bzw. Aufhebung einer eingetragenen Lebenspartnerschaft,
- Fæðing barns eða ættleiðing ólögr. áða barns, Geburt eines Kindes oder Adoption eines minderjährigen Kindes,
- Byrjun í nýju starfi að loknu viðurkenndu starfs- eða háskólanámi, Aufnahme einer beruflichen Tätigkeit nach Abschluss einer staatlich anerkannten beruflichen oder akademischen Ausbildung,
- Skipting yfir í sjálfstæða starfsemi sem aðalatvinnu, Wechsel in eine selbständige Tätigkeit als Hauptberuf,
- Niðurfelling tryggingarskyldu iðnaðarmanna og sjálfstætt starfandi í lögbundna lífeyriskerfinu, Wegfall der Versicherungspflicht in der gesetzlichen Rentenversicherung bei Handwerkern und Selbständigen,
- Brúttóarstekjur launavinnu eru í fyrsta skipti hærrí en uppgæfin iðgjaldamörk almennra lífeyrstrygginga, erstmalige Überschreitung der Beitragsbemessungsgrenze in der allgemeinen Rentenversicherung durch das Bruttojahresarbeits-einkommen aus nichtselbständiger Tätigkeit,
- Brúttóarstekjur launavinnu hækka í fyrsta skipti um meira en 10 prósent innan eins árs, Erhöhung des Bruttojahresarbeitseinkommens bei nichtselbständiger Tätigkeit um mindestens 10 Prozent innerhalb eines Jahres,
- Hjá sjálfstætt starfandi varanleg hækkun hagnaðar fyrir skatta um minnst 10 prósent árlega miðað við þrjú næstliðin ár, bei Selbständigen eine nachhaltige Steigerung des Gewinns vor Steuern um mindestens 10 Prozent jährlich in den letzten drei Jahren,
- Lántaka til fjármögnunar eigin íbúðarhúsnæðis (kaupverð minnst 50.000,00 evrur), Aufnahme eines Darlehens zur Finanzierung einer selbst bewohnten Immobilie (Kaufpreis mindestens 50.000,00 Euro),
- Lögskipuð skerðing á lögbundnum lífeyrisréttindum, Kürzung der gesetzlichen Rentenanwartschaften durch Gesetz,
- Niðurfelling eða skerðing á atvinnutengdri og þó sérstaklega á starfsgreinabundinni ellilífeyrstryggingu eða ellilífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis. Wegfall oder Kürzung einer berufsbedingten, insbesondere berufsständischen oder betrieblichen Altersversorgung,

Þú þarft að sækja skriflega um hækkunina innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi breytingar á aðstæðum áttu sér stað og leggja fram

skriflega staðfestingu þar um – þ.e. staðfestingu með eiginhandar undirritun. Að öðrum kosti gæti ný heilbrigðisskoðun verið nauðsynleg.

Sie müssen die Erhöhung innerhalb von drei Monaten nach Eintritt des Ereignisses unter Vorlage eines entsprechenden Nachweises in Schriftform – d.h. durch ein eigenhändig unterschriebenes Schriftstück – beantragen. Ansonsten ist gegebenenfalls eine Gesundheitsprüfung erforderlich.

Ef fyrir liggja fleiri en einn samningur með persónulegri aðlögun að aðstæðum hins tryggða geturðu ekki hækkað fleiri en einn samning. Þennan samning þarftu að nefna við fyrstu hækkun. Aðra samninga geturðu þá ekki hækkað.

Wenn mehrere Verträge mit persönlichem Anpassungsrecht auf das Leben der versicherten Person bestehen, können Sie nur einen Vertrag erhöhen. Diesen müssen Sie bei der ersten Erhöhung benennen. Die übrigen Verträge können Sie dann nicht erhöhen.

(2) Upprunalegi samningurinn hækkar við nýjan viðbótarsamning. Fyrir þennan nýja samning gilda núverandi reikniforsendur, gjaldskrár, tryggingaskilmálar og útreiknaður aldur hins tryggða á þeim tímapunkti. Lífeyrisgreiðslur skv. nýja samningnum mega ekki hefjast síðar en 11 mánuðum eftir byrjun lífeyristöku skv. upprunalegum tryggingarsamningi.

(2) Die Erhöhung des ursprünglichen Vertrags erfolgt durch einen zusätzlichen, neuen Vertrag. Für diesen gelten die dann gültigen Rechnungsgrundlagen, Tarife, Versicherungsbedingungen und das dann maßgebliche rechnungsmäßige Alter der versicherten Person. Die Rentenzahlung des neuen Vertrags darf nicht später als 11 Monate nach Rentenbeginn des ursprünglichen Vertrags beginnen.

(3) Ef ekki er samið um annað gilda fyrir nýja viðbótarsamninginn umsamdir skilmálar og yfirlýsingar að meðöldum viðtökurétti á tryggingagreiðslum og staðfestingu á upprunalegum tryggingarsamningi. Viðbótartyggingar sem innifaldar voru í upprunalega samningnum hækka ekki.

(3) Wenn nichts anderes vereinbart wird, gelten für den zusätzlichen, neuen Vertrag die vertraglichen Vereinbarungen und Erklärungen einschließlich des Bezugsrechts sowie die Annahmensecheidung des ursprünglichen Vertrags. Bei dem ursprünglichen Vertrag eingeschlossene Zusatzversicherungen werden nicht erhöht.

(4) Lífeyrir nýja viðbótarsamningsins má ekki vera lægri en lágmarkslífeyrir þágildandi skilmála.

(4) Die Rente des zusätzlichen neuen Vertrags darf die Mindestrente des dann gültigen Tarifs nicht unterschreiten.

(5) Réttur þinn til hækkunar endar ef eða þegar

(5) Ihr Recht auf Erhöhung endet, wenn

- hinn tryggði hefur náð 50 ára aldri, die versicherte Person das 50. Lebensjahr vollendet hat,
- minna en 12 ár eru eftir af söfnunartíma upprunalega samningsins, die restliche Aufschubdauer des ursprünglichen Vertrags 12 Jahre unterschreitet,
- upprunalegi samningurinn er gerður iðgjaldafri eða der ursprüngliche Vertrag beitragsfrei gestellt wird oder
- ef í upprunalega samningnum var samið um tryggingu vegna óvinnufærni eða örorku og hinn tryggði er orðinn óvinnufær eða öryrki. Ef hækkunir hafa átt sér stað eftir að hinn tryggði varð óvinnufær eða öryrki falla þær niður afturvirk. bei dem ursprünglichen Vertrag mit vereinbarter Berufsunfähigkeits- bzw. Erwerbsunfähigkeits-Zusatzversicherung Berufsbzw. Erwerbsunfähigkeit eingetreten ist. Nach Eintritt der Berufsbzw. Erwerbsunfähigkeit noch durchgeführte Erhöhungen entfallen rückwirkend.

6. gr. Hvernig myndast hagnaðarhlutdeild?

§ 6 Wie erfolgt die Überschussbeteiligung?

(1) Þú átt beina hlutdeild í þróun verðgildis séreignarsjóðsins (sbr. 1. mgr. 1. greinar). Að auki færðu skv. 153. gr. þýskra laga um tryggingasamninga (VVG) hlutdeild í áunnum hagnaði. Hún

samanstendur af hlutdeild í arði og í varasjóði virðismismunar. Hagnaðarhlutdeildina og varasjóð virðismismunar reiknum við út í samræmi við ákvæði viðskiptalaga og birtum niðurstöðurnar í árlegri afkomuskýrslu okkar. Hér á eftir skýrum við út fyrir þig

(1) Sie sind an der Wertentwicklung des Anlagestocks unmittelbar beteiligt (siehe § 1 Absatz 1). Darüber hinaus erhalten Sie nach § 153 des Versicherungsvertragsgesetzes (VVG) eine Überschussbeteiligung. Diese umfasst eine Beteiligung an den Überschüssen und den Bewertungsreserven. Die Überschüsse und die Bewertungsreserven ermitteln wir nach den Vorschriften des Handelsgesetzbuches und veröffentlichen sie jährlich im Geschäftsbericht. Wir erläutern Ihnen,

- hvernig hagnaðarhlutdeild tryggingartaka almennt myndast (2. mgr.)
wie die Überschussbeteiligung der Versicherungsnehmer insgesamt erfolgt (Absatz 2)
- hvernig hagnaðarhlutdeild þíns eigin tryggingarsamnings myndast (3. mgr.) og
wie die Überschussbeteiligung Ihres konkreten Vertrags erfolgt (Absatz 3) und
- hvers vegna við getum ekki ábyrgst upphæð hagnaðarhlutdeilda (4. mgr.)
warum wir die Höhe der Überschussbeteiligung nicht garantieren können (Absatz 4).

**(2) Hvernig myndast hagnaðarhlutdeild tryggingartaka almennt?
(2) Wie erfolgt die Überschussbeteiligung der Versicherungsnehmer insgesamt?**

Auk þess skýrum við fyrir þig / Dazu erklären wir Ihnen

- hvaðan arðurinn kemur (a)
 - *aus welchen Quellen die Überschüsse stammen (a)*
 - hvernig við förum með arðinn (b) og
 - *wie wir mit diesen Überschüssen verfahren (b) und*
 - hvernig varasjóður virðismismunar verður til og hvernig við skiptum honum (c).
 - *wie Bewertungsreserven entstehen und wir diese zuordnen (c).*
- (a) Arður getur myndast á þrjú mismunandi vegu:
- (a) Überschüsse können aus drei verschiedenen Quellen entstehen:*

- Af fjárfestingarhagnaði (aa)
den Kapitalerträgen (aa),
- Af áhættuniðurstöðum (bb) og
dem Risikoergebnis (bb) und
- Af afkomunni að öðru leyti (cc).
dem übrigen Ergebnis (cc).

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum okkar hlutdeild í þessum hagnaði í samræmi við reglugerð um lágmarksendurgreiðslur iðgjalda í líftryggingum (endurgreiðslureglugerð) í gildandi útgáfu. *Wir beteiligen unsere Versicherungsnehmer an diesen Überschüssen; dabei beachten wir die Verordnung über die Mindestbeitragsrückerstattung in der Lebensversicherung (Mindestzuführungsverordnung) in der jeweils geltenden Fassung.*

(aa) Fjárfestingahagnaður / (aa) Kapitalerträge

Af nettóarði þeirra fjárfestinga sem falla undir þessa reglugerð fá tryggingartakar samtals í minnsta lagi þá arðprósentu sem tilgreind er í reglugerðinni. Í nógildandi gerð reglugerðar um lágmarksúthlutun er almennt gert ráð fyrir 90 prósentum. Af þessari upphæð er fyrst tekin sú upphæð sem er nauðsynleg til að standa undir tryggðri lágmarksgreiðslu váttryggingarinnar. Eftirstöðvarnar notum við til að veita tryggingartökum hlutdeild í hagnaðinum.

Von den Nettoerträgen der nach dieser Verordnung maßgeblichen Kapitalanlagen erhalten die Versicherungsnehmer insgesamt mindestens den dort genannten prozentualen Anteil. In der derzeitigen Fassung der Mindestzuführungsverordnung sind grundsätzlich 90 Prozent vorgeschrieben. Aus diesem Betrag werden zunächst die Mittel entnommen, die für die garantierte Leistung benötigt werden. Die verbleibenden Mittel verwenden wir für die Überschussbeteiligung der Versicherungsnehmer.

(bb) Áhættuniðurstöður / (bb) Risikoergebnis

Frekari arður verður fyrst og fremst til ef raunveruleg ævilengd hinna tryggðu er styttri en gert hafði verið ráð fyrir við verðútreikning. Í slíkum tilvikum eru tryggingargreiðslurnar lægri en áætlað hafði verið við upprunalega áætlunargerð sem þýðir að við getum látið tryggingartaka njóta góðs af áhættuniðurstöðunum. Samkvæmt nógildandi gerð reglugerðar um lágmarksúthlutun renna í minnsta lagi 75 prósent af þessum hagnaði til tryggingartaka.

Weitere Überschüsse entstehen insbesondere, wenn die tatsächliche Lebensdauer der Versicherten kürzer ist, als die bei der Tarifikalkulation zugrunde gelegte. In diesem Fall müssen wir weniger Renten als ursprünglich angenommen zahlen und können daher die Versicherungsnehmer an dem entstehenden Risikoergebnis beteiligen. An diesen Überschüssen werden die Versicherungsnehmer nach der derzeitigen Fassung der Mindestzuführungsverordnung grundsätzlich zu mindestens 75 Prozent beteiligt.

(cc) Afkoman að öðru leyti / (cc) Übriges Ergebnis

Samkvæmt nógildandi gerð reglugerðar um lágmarksúthlutun renna í minnsta lagi 50 prósent af öðrum hagnaði til tryggingartaka. Arður annarra þátta afkomunnar getur til dæmis myndast

Am übrigen Ergebnis werden die Versicherungsnehmer nach der derzeitigen Fassung der Mindestzuführungsverordnung grundsätzlich zu mindestens 50 Prozent beteiligt. Überschüsse aus dem übrigen Ergebnis können beispielsweise entstehen, wenn

- ef kostnaður reynist lægri en gert var ráð fyrir þegar iðgjöldin voru reiknuð út eða
die Kosten niedriger sind, als bei der Tarifikalkulation angenommen,
- ef við höfum tekjur af öðru en váttryggingarekstri, t. d. tekjur af þjónustu sem við seljum öðrum fyrirtækjum.
wir andere Einnahmen als aus dem Versicherungsgeschäft haben, z. B. Erträge aus Dienstleistungen, die wir für andere Unternehmen erbringen.

(b) Þann arð sem kemur í hlut tryggingartaka almennt flytjum við í ábyrgðarsjóð fyrir endurgreiðslu iðgjalda eða leggjum hann beint inn á þá tryggingarreikninga sem eiga rétt á arðshlutdeild (bein millifærsla).

(b) Die auf die Versicherungsnehmer entfallenden Überschüsse führen wir der Rückstellung für Beitragsrückerstattung zu oder schreiben sie unmittelbar den überschussberechtigten Verträgen gut (Direktgutschrift).

Ábyrgðarsjóðurinn fyrir endurgreiðslu iðgjalda (iðgjaldasjóðurinn) er til að jafna út ágóðasveiflur. Hann má yfirleitt einungis nota í þágu hagnaðarhlutdeilda tryggingartaka. Aðeins í undantekningartilvikum og með samþykki eftirlitsstofnunar getum við, skv. grein 56b í þýskum lögum um tryggingaefirlit (VAG), gert undantekningar. Það megum við ef ábyrgðarsjóðurinn er ekki bundinn við fyrirfram ákveðna arðshlutdeild. Í núverandi gerð greinar 56b VAG getum við í þágu tryggingartaka nýtt ábyrgðarsjóðinn fyrir endurgreiðslu iðgjalda.

Die Rückstellung für Beitragsrückerstattung dient dazu, Schwankungen der Überschüsse auszugleichen. Sie darf grundsätzlich nur für die Überschussbeteiligung der Versicherungsnehmer verwendet werden. Nur in Ausnahmefällen und mit Zustimmung der Aufsichtsbehörde können wir hiervon nach § 56b des Versicherungsaufsichtsgesetzes (VAG) abweichen. Dies dürfen wir, soweit die Rückstellung für Beitragsrückerstattung nicht auf bereits festgelegte Überschussanteile entfällt. Nach der derzeitigen Fassung des § 56b VAG können wir im Interesse der Versicherten die Rückstellung für Beitragsrückerstattung heranziehen:

- til að koma í veg fyrir yfirvofandi neyðarástand zur Abwendung eines drohenden Notstandes,
- til að jafna út ófyrirséð tap þeirra tryggingarsamninga sem eiga rétt á arðshlutdeild af völdum almennra breytinga á ytri aðstæðum eða

um unvorhersehbare Verluste aus den überschussberechtigten Verträgen auszugleichen, die auf allgemeine Änderungen der Verhältnisse zurückzuführen sind, oder

- til að styrkja ábyrgðarsjóð tryggingagreiðslna ef aðlaga þarf reikniforsendurnar breytingum á ytri aðstæðum sem ekki voru fyrirsjáanlegar og eru ekki aðeins tímabundnar.

um die Deckungsrückstellung zu erhöhen, wenn die Rechnungsgrundlagen auf Grund einer unvorhersehbaren und nicht nur vorübergehenden Änderung der Verhältnisse angepasst werden müssen.

Ef við nýtum ábyrgðarsjóðinn fyrir endurgreiðslu iðgjalda síðar til að jafna út tap eða til að hækka ábyrgðarsjóðinn dreifist kostnaðurinn á alla váttryggjendur hlutfallslega.

Wenn wir die Rückstellung für Beitragsrückerstattung danach zum Verlustausgleich oder zur Erhöhung der Deckungsrückstellung heranziehen, belasten wir die Versichertenbestände verursachungsorientiert.

(c) Varasjóður virðismismunar myndast þegar markaðsverð fjárfestinga sem ætlaðar eru til að fjármagna tryggingagreiðslur í framtíðinni er hærra en það verð sömu fjárfestinga sem tilgreint er í afkomuskýrslu félagsins. Fjárhæð varasjóðsins endurreiknum við árlega, auk þess ef samningurinn endar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna, þegar lífeyrisgreiðslur hefjast og í lok hvers tryggingarárs á lífeyrisgreiðslutímanum. Varasjóði virðismismunar, sem taka þarf tillit til samkvæmt lögum og ákvæðum um eftirlit með hlutdeild tryggingasamninga, deilum við niður á samningana í hlutfalli við tillag þeirra (sjá mgr. 3a). (c) *Bewertungsreserven entstehen, wenn der Marktwert der Kapitalanlagen, die für künftige Leistungen vorgesehen sind, über dem Wert liegt, mit dem die Kapitalanlagen im Geschäftsbericht ausgewiesen sind. Die Höhe der Bewertungsreserven ermitteln wir jährlich neu, zusätzlich auch für den Zeitpunkt der Beendigung eines Vertrags vor Rentenbeginn, für den Beginn einer Rentenzahlung sowie während einer Rentenzahlung jeweils für das Ende eines Versicherungsjahres. Die Bewertungsreserven, die nach gesetzlichen und aufsichtsrechtlichen Vorschriften für die Beteiligung der Verträge zu berücksichtigen sind, ordnen wir den Verträgen anteilig rechnerisch zu (siehe Absatz 3 a).*

(3) Hvernig myndast þín arðshlutdeild samkvæmt tryggingarsamningnum?

(3) Wie erfolgt die Überschussbeteiligung Ihres Vertrags?

(a) Við höfum tekið sambærilegar tryggingar (til dæmis lífeyristryggingu og áhættutryggingu) saman í reikniflokka og í sumum tilvikum steypt skyldustu tryggingategundunum aftur niður í undirflokka (arðflokka) innan hvers reikniflokks. Reikniflokkarnir auðvelda okkur að taka tillit til mismunar milli ýmiss konar tryggðar áhættu. Arðinum úthlutum við í hina einstöku reikni- og arðflokka í hlutfalli við tillag hvers þeirra, það er allt eftir því hve mikla hlutdeild hver reikni- og arðflokkur á í myndun arðsins.

(a) *Wir haben gleichartige Versicherungen (zum Beispiel Rentenversicherung, Risikoversicherung) zu Abrechnungsverbänden zusammengefasst und teilweise nach engeren Gleichartigkeitskriterien innerhalb der Abrechnungsverbände Untergruppen (Überschussverbände) gebildet. Abrechnungsverbände bilden wir, um die Unterschiede bei den versicherten Risiken zu berücksichtigen. Die Überschüsse verteilen wir auf die einzelnen Abrechnungs- und Überschussverbände nach einem verursachungsorientierten Verfahren und zwar in dem Maß, wie die Abrechnungs- und Überschussverbände zur Entstehung von Überschüssen beigetragen haben.*

Tryggingarsamningur þinn fær hlutdeild í arði þess reikni- og arðflokks sem tilgreindir er í tryggingarskírteininu. Arðshlutdeildin er fjármögnuð með beinni millifærslu af ársreikningi tryggingafélagsins eða með ábyrgðarsjóðnum fyrir endurgreiðslu iðgjalda (iðgjaldasjóði). Prósentuupphæð arðshlutdeilda ákveðum við fyrir eitt ár í senn. Við birtum skrá yfir prósentuupphæð arðshlutdeilda í afkomuskýrslu okkar. Afkomuskýrsluna geturðu skoðað á vefsetri okkar.

Ihr Vertrag erhält Anteile an den Überschüssen desjenigen Abrechnungs- und Überschussverbands, die in Ihrem Versicherungsschein genannt sind. Die Mittel für die Überschussanteile werden bei der Direktgutschrift zu Lasten des Ergebnisses des Geschäftsjahres finanziert, ansonsten der Rückstellung für Beitrags-

rückerstattung entnommen. Die Höhe der Überschussanteilsätze legen wir jedes Jahr fest. Wir veröffentlichen die Überschussanteilsätze in unserem Geschäftsbericht. Diesen können Sie auf unserer Homepage einsehen.

(b) Ef samningurinn endar vegna andláts, við uppsögn hans eða ef hinn tryggði er á lífi þegar lífeyrisgreiðslur hefjast, gildir eftirfarandi: Við úthlutum tryggingarsamningi þínum þá í samræmi við gildandi lög (153. gr. VVG) og ákvæði eftirlitslaga þeim hluta varasjóðs virðismismunar sem kemur í hans hlut. Við veitum þér einnig samsvarandi hlutdeild í varasjóði virðismismunar á lífeyristökutímanum. Lagaleg fyrirmæli og ákvæði eftirlitslaga geta leitt til þess að hlutdeild í varasjóði virðismismunar fellur niður að nokkru eða öllu leyti.

(b) *Bei Beendigung des Vertrags durch Tod, Kündigung oder bei Erleben des Beginns der Rentenzahlung gilt Folgendes: Wir teilen Ihrem Vertrag dann den für diesen Zeitpunkt zugeordneten Anteil an den Bewertungsreserven entsprechend den jeweils geltenden gesetzlichen (§ 153 VVG) und aufsichtsrechtlichen Regelungen zu. Auch während des Rentenbezuges werden wir Sie entsprechend an den Bewertungsreserven beteiligen. Gesetzliche und aufsichtsrechtliche Regelungen können dazu führen, dass die Beteiligung an den Bewertungsreserven ganz oder teilweise entfällt.*

(c) Hægt er að nálgast gildandi reikniforsendur fyrir arðshlutdeild í „Ákvæði um hlutdeild í arði skv. 3. mgr. 6. greinar“. Þessi ákvæði eru hluti af þessum tryggingarskilmálum.

(c) *Die für die Überschussbeteiligung geltenden Berechnungsgrundsätze sind in den „Bestimmungen zur Überschussbeteiligung nach § 6 Absatz 3“ enthalten. Diese Bestimmungen sind Bestandteil dieser Bedingungen.*

(4) Hvers vegna getum við ekki ábyrgst upphæð hagnaðarhlutdeilda?

(4) Warum können wir die Höhe der Überschussbeteiligung nicht garantieren?

Fjárhæð arðshlutdeilda er háð mörgum áhrifaþáttum sem ekki eru fyrirsjáanlegir og sem við höfum aðeins takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaða. Verulegu máli skiptir einnig þróun hinnar tryggðu áhættu ásamt kostnaðarþróun. Af þessum sökum er ekki hægt að ábyrgjast fjárhæð arðshlutdeilda fyrirfram. Við sendum þér upplýsingar um þróun hagnaðarhlutdeilda þinnar einu sinni á ári.

Die Höhe der Überschussbeteiligung hängt von vielen Einflüssen ab, die nicht vorhersehbar und von uns nur begrenzt beeinflussbar sind. Wichtigster Einflussfaktor ist die Entwicklung des Kapitalmarkts. Aber auch die Entwicklung des versicherten Risikos und der Kosten sind von Bedeutung. Die Höhe der künftigen Überschussbeteiligung kann also nicht garantiert werden. Über die Entwicklung Ihrer Überschussbeteiligung werden wir Sie jährlich unterrichten.

7. gr. Hvenær hefst tryggingarverndin? § 7 Wann beginnt Ihr Versicherungsschutz?

Tryggingarvernd þín hefst strax við undirritun váttryggingarsamningsins. Hins vegar er engin tryggingarvernd fyrir hendi á undan þeim upphafsdegi tryggingarinnar sem tilgreindir er í tryggingarskírteininu. Tryggingarverndin hefst kl. 12 á hádegi á þeim degi sem gefinn er upp í tryggingarskírteininu. Athuga ber þó að greiðsluskylda okkar fallið niður ef þú greiðir iðgjald ekki á réttum tíma (sjá 2. og 3. mgr. 15. greinar og 2. mgr. 16. greinar).

Ihr Versicherungsschutz beginnt, wenn Sie den Vertrag mit uns abgeschlossen haben. Jedoch besteht vor dem im Versicherungsschein angegebenen Versicherungsbeginn kein Versicherungsschutz. Ihr Versicherungsschutz beginnt um 12 Uhr mittags an dem im Versicherungsschein genannten Tag. Allerdings kann unsere Leistungspflicht entfallen, wenn Sie den Beitrag nicht rechtzeitig zahlen (siehe § 15 Absätze 2 und 3 und § 16 Absatz 2).

8. gr. Hvaða reglur gilda varðandi löggæslu- og herþjónustu, ófriðarástand, stríð, árás með geryðingarvopnum (ABC-vopnum) eða eiturlosun efnavopna?

§ 8 Was gilt bei Polizei- oder Wehrdienst, Unruhen, Krieg oder Einsatz bzw. Freisetzen von ABC-Waffen/-Stoffen?

(1) Að jafnaði gildir greiðsluskylda okkar óháð því, af hvaða ástæðum váttryggingaratburður verður. Við greiðum einnig tryggingabætur ef hinn tryggði – þ.e. sá einstaklingur sem er líftryggður með viðkomandi tryggingu – deyr meðan hann sinnir löggæslu eða herþjónustu ellegar af völdum óeirða.

(1) Grundsätzlich leisten wir unabhängig davon, auf welcher Ursache der Versicherungsfall beruht. Wir leisten auch dann, wenn die versicherte Person – das ist die Person, auf deren Leben die Versicherung abgeschlossen ist – in Ausübung des Polizei- oder Wehrdienstes oder bei inneren Unruhen gestorben ist.

(2) Ef hinn tryggði deyr í beinum eða óbeinum tengslum við styrjaldaráttök gilda viss takmörk á tryggingargreiðslum okkar. Í slíku tilviki skerðist umsamin eingreiðsla heildarinneignar vegna andláts niður í reiknað endurkaupsverð (sjá 4. til 7. mgr. 17. greinar) án frádráttarins sem þar er nefndur og að frádrægnum öllum kostnaði við samningsgerðina.

(2) Stirbt die versicherte Person in unmittelbarem oder mittelbarem Zusammenhang mit kriegerischen Ereignissen, ist unsere Leistung eingeschränkt. In diesem Fall vermindert sich eine für den Todesfall vereinbarte Kapitaleistung auf den für den Todestag berechneten Rückkaufswert (siehe § 17 Absätze 4 bis 7), ohne den dort vorgesehenen Abzug und unter Berücksichtigung der Abschlusskosten in voller Höhe.

Útreikningur endurkaupsverðsins fyrir hlutina í ROK Plus, fjárfestingarsjóðum eða ROK Chance eða ROK Klassik miðast við síðasta kauphallardag á undan 15. degi þess mánaðar sem dauðsfallið átti sér stað í. Ef okkur berst tilkynning um andlátið ekki fyrr en eftir þennan tímapunkt, er miðað við næsta kauphallardag eftir að tilkynningin berst. Ákvörðun fjölda hlutanna í ROK Plus, fjárfestingarsjóðum eða ROK Chance eða ROK Klassik miðast við dánardaginn. Um þetta gildir 6. mgr. 17. greinar ef við á. Greiðsluskylda okkar lækkar ekki ef hinn tryggði lætur lífið meðan á dvöl stendur í beinum eða óbeinum tengslum við styrjaldaráttök í öðru landi en Þýskalandi og sem hann tók ekki virkan þátt í.

Maßgeblich bei der Ermittlung des Rückkaufswerts ist für die Anteile der ROK Plus, der Investmentfonds oder der ROK Chance bzw. ROK Klassik der letzte Börsentag vor dem 15. des Monats des Todesfalls. Wenn uns die Meldung des Todesfalls erst nach diesem Zeitpunkt zugeht, ist der nächste Börsentag nach Eingang der Meldung maßgeblich. Für die Feststellung der Anzahl der Anteile der ROK Plus, der Investmentfonds oder der ROK Chance bzw. der ROK Klassik ist der Todestag maßgeblich. § 17 Absatz 6 gilt entsprechend. Unsere Leistungen vermindern sich nicht, wenn die versicherte Person in unmittelbarem oder mittelbarem Zusammenhang mit kriegerischen Ereignissen stirbt, denen sie während eines Aufenthaltes außerhalb der Bundesrepublik Deutschland ausgesetzt und an denen sie nicht aktiv beteiligt war.

(3) Í eftirtöldum tilvikum skerðast greiðslur okkar eins og nefnt er í 2. og 3. ml. 2. málsgreinar: Hinn tryggði deyr í beinum eða óbeinum tengslum við

(3) In folgenden Fällen vermindern sich unsere Leistungen auf die in Absatz 2 Satz 2 und 3 genannten Leistungen: Die versicherte Person stirbt in unmittelbarem oder mittelbarem Zusammenhang mit

- vísitandi beitingu kjarnorkuvopna, lífrænna vopna eða efnavopna eða
- dem vorsätzlichen Einsatz von atomaren, biologischen oder chemischen Waffen oder
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun á geislavirkum, lífrænum eða kemískum efnum.
- dem vorsätzlichen Einsatz oder der vorsätzlichen Freisetzung von radioaktiven, biologischen oder chemischen Stoffen.

Vopnabeitingin eða losunin þarf þá að hafa farið fram í því augnamiði að hætta lífi fjölda fólks. Greiðsluskylda okkar lækkar ekki ef hinn tryggði lætur lífið meðan á dvöl stendur í beinum eða óbeinum tengslum við styrjaldaráttök í öðru landi en Þýskalandi og sem hann tók ekki virkan þátt í.

Der Einsatz bzw. das Freisetzen muss dabei darauf gerichtet gewesen sein, das Leben einer Vielzahl von Personen zu gefährden. Unsere Leistungen vermindern sich nicht, wenn die versicherte Person in unmittelbarem oder mittelbarem Zusammenhang mit kriegerischen Ereignissen stirbt, denen sie während eines Aufenthaltes außerhalb der Bundesrepublik Deutschland ausgesetzt und an denen sie nicht aktiv beteiligt war.

9. gr. Hvaða reglur gilda ef hinn tryggði fremur sjálfsvíg?

§ 9 Was gilt bei Selbsttötung der versicherten Person?

(1) Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við umsamdar dánarbætur ef líðin eru þrjú ár frá því að tryggingarsamningurinn var gerður.

(1) Bei vorsätzlicher Selbsttötung erbringen wir eine für den Todesfall vereinbarte Leistung, wenn seit Abschluss des Vertrags drei Jahre vergangen sind.

(2) Við sjálfsvíg af ásettu ráði fyrir lok þessara þriggja ára er engin tryggingarvernd fyrir hendi. Í slíku tilviki greiðum við það endurkaupsverð sem gildir fyrir dánardaginn (sjá 4. til 7. mgr. 17. greinar) án frádráttarins sem þar er nefndur og að frádrægnum öllum kostnaði við samningsgerðina.

(2) Bei vorsätzlicher Selbsttötung vor Ablauf der Dreijahresfrist besteht kein Versicherungsschutz. In diesem Fall zahlen wir den für den Todestag berechneten Rückkaufswert Ihres Vertrags (siehe § 17 Absätze 4 bis 7), ohne den dort vorgesehenen Abzug und unter Berücksichtigung der Abschlusskosten in voller Höhe.

Útreikningur endurkaupsverðsins fyrir hlutina í ROK Plus, fjárfestingarsjóðum eða ROK Chance eða ROK Klassik miðast við síðasta kauphallardag á undan 15. degi þess mánaðar sem dauðsfallið átti sér stað í. Ef okkur berst tilkynning um andlátið ekki fyrr en eftir þennan tímapunkt, er miðað við næsta kauphallardag eftir að tilkynningin berst. Ákvörðun fjölda hlutanna í ROK Plus, fjárfestingarsjóðum eða ROK Chance eða ROK Klassik sem grundvöllur að verðgildi viðkomandi heildarfjárfestingar miðast við dánardaginn. Um þetta gildir 6. mgr. 17. greinar ef við á.

Maßgeblich bei der Ermittlung des Rückkaufswerts ist für die Anteile der ROK Plus, der Investmentfonds oder der ROK Chance bzw. der ROK Klassik der letzte Börsentag vor dem 15. des Monats des Todesfalls. Geht uns die Meldung des Todesfalls erst nach diesem Zeitpunkt zu, ist der nächste Börsentag nach Eingang der Meldung maßgeblich. Für die Feststellung der Anzahl der Anteile an der ROK Plus, den Investmentfonds oder an der ROK Chance bzw. ROK Klassik als Basis für den Wert der jeweiligen Kapitalanlage ist der Todestag maßgeblich. § 17 Absatz 6 gilt entsprechend.

